

# HUGMYNDAHÚS REYKJANESS

Sjávarútvegur – Fimmtudaginn 6. nóvember kl. 20:00

Formenn:

Sigurgestur Guðlaugsson, framkvæmdastjóri Turnkey

Kjartan Ólafsson, forstöðumaður sjávarútvegssviðs Glitnis

Hnitmiðuð greinargerð:

Formenn hófu fundinn á því að skilgreina stöðu sjávarútvegsins og í framhaldi stöðu svæðisins innan hans. Fram kom að heildarskuldir útvegsins árið 2008 séu áætlaðar á núverandi gengi í kringum 420 milljarða króna á meðan EBITDA næstu 12 mánaðar er áætluð í kringum 40 milljarða (var 31 milljarðar rekstrarárið 2007). Af þessu er ljóst að vandinn er mikill og í raun má segja að eigið fé sé uppið í greininni. Í framhaldi af því hlýtur að teljast líklegt að breytingar verði á eignarhaldi fiskveiðiheimilda í náginni framtíð. Hér eru Suðurnesjamenn að sjálfsögðu ekki undanþegnir. Á undanförunum árum hafa útgerðir á Suðurnesjum aukið við kvóta sinn og gera má ráð fyrir að stór hluti þeirrar aukningar hafi einmitt verið fjármagnaður með skuldsetningu. Taki Sjávarútvegsráðherra hins vegar ákvörðun um auknar veiðar í ljósi breyttra aðstæðna gæti þessi mynd þó vænkast töluvert. Ljósu punktarnir fyrir svæðið eru þó þeir að hlutfallslega hefur heildar kvótinn aukist lítið eitt undanfarin ár þrátt fyrir niðurskurð heildar heimilda. Það ætti því að vera nóg af fiski á svæðinu og hvað magn varðar má vera ljóst að hlutfallslega hefur hér ekki orðið samdráttur í afla.

Því næst reifuðu fundarmenn hugmyndir til nýsköpunar í greininni.

## Á fundinum komu fram eftirfarandi hugmyndir:

1. **Frjóvgunartankur** sérútbúinn til blöndunar á fullþroska hrognum og svili á frjóvgunartíma þorsks (apríl – maí). Þannig gætu sjómenn valið í tankinn og ræktað upp með sleppingu á sinn óskablett.
2. **Skipakirkjugarður** neðansjávar til að mynda skjól fyrir uppeldisstöðvar fiskistofna.
3. **Línuveiðar frá landi** með ómannaðri fjarstýrðri dráttarskútu.
4. **Sandhverfuræktun** í grunnum innfjörðum.
5. **Skuldajöfnun** gerð við útgerðarmenn, þannig að þeir geti losað sig frá verstu skuldunum. Kvótanum síðan skipt jafnt meðal landsmanna, haldið í ríkiseigu, eða seld hæstbjóðenda.
6. **Nýta tanka á Nikkel svæðinu** til fiskiræktar, nota heitt vatn og rækta hlýsjávarfiska.
7. **Nýta svartfugl sem kemur í net.** Menntu eru að skjóta svartfugl en því ekki að nýta þann fugl sem kemur í net. Þessu er hent í hafið. Við eigum að setja okkur það mark að koma með allt í land. Hvort sem það er fugl eða fiskur.
8. **Hefja hvalveiðar** með það að marki að framleiða dýrafóður. Það mikilvæga er að veiða hvalinn, ekki að setja sér skilyrði um að hann verði borðaður af mönnum.



9. **Sérhannað hús til fullvinnslu**, sem Reykjanesbær eða hið opinbera byggir og uppfylli öll skilyrði til þess. Síðan bjóða húsið til leigu í þrjúhundruð fermetra hólum til að hvetja til nýsköpunar. Dregur úr erfiðum stofnkostnaði fyrir frumherja. Ef fyrirtækið fer á hausinn á Reykjanesbær húsið en ef fyrirtækinu vex fiskur um hrygg og þarfnast stærri aðstöðu eru allar forsendur til þess að halda sig innan bæjarfélagsins.
10. **Meiri fisk á markað** og bjóða jafnframt uppá uppboðskerfi á þeim kvóta sem ríkið mun eignast í gegnum bankana. Auka kvóti verði jafnframt settur þarna inn. Þannig verði hægt að leigja kvóta í gegnum uppboðsmarkað fiskmarkaðanna og þar af leiðandi hafi þeir sem séu að fiska aðgang að honum.
11. **Setja aftur kvótaálag á útfluttan fisk**. Þannig að hvatinn sé til staðar til þess að auka heildarvirðið og auka við innlendan hluta virðisikeðjunnar.
12. **Stoppa með lögum að óunninn fiskur fari úr landi**. Fjölnet í hönnun en galli að útgerðarmenn geti sett lágmarksverð.
13. **Lífrænt ferli**. „Micro“ útgerð og „micro“ landvinnsla sem miðar að því að halda öllu vottuðu og fínu samkvæmt hörðustu stöðlum. Beita þessu fyrir sig í markaðssetningu.

Eins og gefur að skilja voru skiptar skoðanir um hugmyndirnar. Í framhaldi urðu miklar umræður um stöðu sjávarútvegsins og leiðir til frekari virðissköpunar.

#### **Fundarmenn lögðu einkum áherslu á eftirfarandi þætti:**

**Erlent áhættufé í greinina.** Sú skuldsetning sem útvegurinn stendur frammi fyrir í dag krefst þess að nýtt fjármagn komi inn í greinina. Hér er til mikils að vinna, ekki aðeins í ljósi gjaldeyrisstöðu hagkerfisins heldur einnig vegna þess að lítið mun áorkast með því að leyfa núverandi stöðum sjávarútvegsins að visna niður í formi ofurskuldsetningar. Á bak við þessa skuldsetningu eru störf og á bak við störfin er fólk og jafnvel heilu byggðarlögin. Ekki er sanngjarnt að láta aðstæður bitna á þeim sem hafa ekki selt sig útúr greininni. Það hafa verið góðar aðstæður undanfarið til þess að losa sig út. Þeir sem eftir standa hafa gengið í gegnum erfiða tíma með óhagstæðu gengi, tekið á sig kvótaskerðingu og lenda nú í hruni bankakerfisins. Leita þarf leiða til að rétta hlut útvegsins. Í dag banna íslensk lög erlenda fjárfestingu umfram 5% í sjávarútvegi. Slíkt er mjög hamlandi og leiðir í besta falli til tvískinnungs í kerfinu. Samhliða vandaðri löggjöf sem tryggja myndi allan fisk á markað ætti að hækka þetta hlutfall til samræmis við þarfir útvegsins. Jafnframt má horfa til framtíðar í utanríkisstefnu Íslands í þessu tilliti, með áherslu á að ekki verði samið við önnur lönd um tolla sem hefti framþróun í fiskvinnslu hér á landi.

**Meiri fisk á markað.** Fundarmenn lögðu mikla áherslu á að meira af þeim afla sem kemur að landi fari á markað og fiskvinnslan hafi tækifæri til að skapa úr honum meira verðmæti. Óásættanlegt er með framtíðarhagsmunum í huga að stór hluti aflans sé seldur óunninn úr landi. Fjölnetið þarf að efla og líta til þess að seljendur geti ekki sett lágmarksverð, sem í raun útiloki fiskinn frá markaðnum.

**Bætt umhverfi fyrir nýsköpun í fiskvinnslu.** Hluti af því felst í að byggja upp hvata til þeirrar nýsköpunar, bæði með nýliðun í fiskvinnslu sem og með því að efla dáð þeirra sem fyrir eru. Áhættufaktorinn leiðir til þess að auðveldasta leiðin er valin. Með bættu umhverfi og nýju viðhorfi, t.d. með uppsetningu fullkominna fiskvinnsluhúsa, sem sprotafyrirtæki geti tekið á leigu skapast tækifæri fyrir aðila í fiskvinnslu til að leita á ný mið og prófa sig áfram með nýja markaði. Suðurnesin bjóða uppá öflugar hafnir ásamt nálægðinni við flugvöllinn. Í því felast tækifæri sem ber að nýta.

**Fiskiræktun** í sjó og ám sem í gegnum hefðbundið fiskeldi. Fiskveiðipjóð sem trúir á sjálfbærni ætti að leggja ríkari áherslu á að styðja fiskistofnana með því að gera tilraunir með að bæta skilyrðin í sjónum. Til dæmis mætti leggja gömlum skipum á hafsbotni á tilteknum svæðum með það í huga gera fyrrum fengsæl fiskimið að tilraunastöð í fiskiræktun. Við höfum í raun náð góðum árangri með því að rækta lax í ám og því ættum við að nýta þekkingu okkar til að beita sömu hugmyndafræði í sjónum sjálfum. Fiskeldi hefur líka tekið miklum framförum á undanförunum áratugum. T.d. í Noregi en þar verður slátrað um 15.000 tonnum af þorski í ár. Litlu minna en landað verður á Suðurnesjum. En til þess að ná árangri í þessum greinum þarf að hafa þolinmótt fjármagn og það hafa Norðmenn til að mynda einmitt fengið í gegnum erlenda fjárfestingu.

Virðingarfyllst,

Sigurgestur Guðlaugsson